



Alþingi
Erindi nr. P 136/397
komudagur 5.12.2008

5. des. 2008

Fjárlaganefnd Alþingis
Gunnar Svavarsson formaður.

Vísað er til bréfs fjárlaganefndar dags. 20. nóvember 2008, þar sem óskað er áhlits viðskiptanefndar á þeim hluta fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2009 sem er á málefnasviði nefndarinnar.

Álit nefndarinnar sendist hér með.

F.h. viðskiptanefndar Alþingis,

Brynhildur Pálmarsdóttir

Brynhildur Pálmarsdóttir
nefndarritari

VIÐSKIPTANEFND

Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (12 viðskiptaráðuneyti).

Frá viðskiptanefnd

Viðskiptanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. nóvember 2008.

Á fund nefndarinnar komu Jónína S. Lárusdóttir og Helga Óskarsdóttir frá viðskiptaráðuneyti, Páll Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Helga Sigurðardóttir frá Neytendastofu og Gísli Tryggvason talsmaður neytenda og gerðu grein fyrir þeim hluta fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2009 sem falla undir málefnasvið ráðuneytisins og undistofnana þess. Þá komu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins til nefndarinnar í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (þingskj. 28, 28. mál) og í þeirri umfjöllun var m.a. fjallað um fjármál eftirlitsins.

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2009 eru áætluð 2.768,9 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur, 40 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum hækka um 407,7 m.kr. og eru áætluð 2.204,4 m.kr. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um hækkun á fjárheimild til Einkaleyfastofu og til Neytendastofu. Þó er í þessum tilfellum um að ræða hækkun á rekstrarfjárveitingu í samræmi við samsvarandi hækkun ríkistekna samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun stofnananna. Þá er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til aðalskrifstofu ráðuneytisins sem skýrist meðal annars af kostnaði eftir skiptingu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í tvö ráðuneyti. Felst sú hækkun í auknum húsnæðiskostnaði og nýjum störfum rekstrarstjóra, bókara, skjalavarðar og ritara.

Vegna breyttra aðstæðna og þess ástands sem nú ríkir hefur nefndin fullan skilning á því að draga þurfi úr ríkisútgjöldum. Á fundum nefndarinnar kom fram að fjárlagafrumvarpið fæli nú þegar í sér niðurfellingu fjárlagaliðar, þ.e. niðurfellingu jöfnunar á kostnaði við vöruflutninga vöruflutningskostnaði sem nam 150 m.kr. á árinu 2008. Hvað varðar aðrar leiðir til þess að draga úr ríkisútgjöldum vegna þessa málaflokks hefur sjónarmiðum um takmörkun fjárveitinga til stofnana sem hafa beinar tekjur, þ.e. til Einkaleyfastofu og Neytendastofu, helst verið hreyft fyrir nefndinni.

Þá kom það sjónarmið fram á fundum nefndarinnar að um 70% fjárveitinga til viðskiptaráðuneytisins falli undir rekstrargjöld og því valdi lækkun á fjárveitingum aðeins fækkun starfsfólks. Staðan sé hins vegar sú að verkefnum ráðuneytisins hafi fjölgað og miklar annir verið hjá starfsfólki. Því sé ekki svigrúm til mikilla lækkana nú.

Sérstaklega ber að tiltaka breyttar fjárheimildir Fjármálaeftirlitsins en frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009 gerði ráð fyrir að framlög til stofnunarinnar yrðu 1.116 m.kr. sem jafngildi 180,3 m.kr. hækkun að raungildi vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna hjá stofnuninni. Útgjöld Fjármálaeftirlitsins skyldu vera fjármögnuð með hækkun á eftirlitsgjaldi í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (þingskj. 28, 28. mál). Vegna verulega breyttra forsendna hefur Fjármálaeftirlitið sett fram breytta rekstraráætlun og einnig breytta tillögu að skiptingu eftirlitsgjaldsins og mun frumvarpið þannig taka nokkrum breytingum í meðförum viðskiptanefndar. Gert er ráð fyrir að

framlög til stofnunarinnar aukist lítið sem ekkert frá fjárlögum ársins 2008 enda þykir sýnt að eftirlit með fjármálafyrirtækjum vegna starfsemi þeirra erlendis muni dragast saman þar sem sú starfsemi íslenskra fjármálastofnana verður lítil sem engin. Að sama skapi áætlað eftirlitið að fresta stækkun á húsnæði og fjölgun starfsmanna þrátt fyrir yfirtöku nýrra verkefna. Rétt þykir að minnast á að fjárheimildir Fjármálaeftirlitsins hafa hækkað verulega frá árinu 2006 en þá tæplega tvöfölduðust þær milli ára og síðan varð hækkunin rúm 50% árið þar á eftir. Í breyttri áætlun Fjármálaeftirlitsins er gert ráð fyrir að framlög innheimt með álagningu eftirlitsgjalds nemi 812,7 m.kr. árið 2009 og að greiðsluhlutfall viðskiptabanka og Íbúðalánasjóðs hækki. Auk þess er gert ráð fyrir fastri gjaldheimtu að fjárhæð 4 m.kr. frá Kaupþingi banka hf., Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Þó ber að halda því til haga að núverandi ástand á fjármálamörkuðum og óvissa sú sem nú ríkir gerir það að verkum að erfitt er að setja fram staðfestar tölur um hverjar raunverulegar tekjur stofnunarinnar af eftirlitsgjaldinu verða og er því um aðeins áætlun að ræða. Þá er ljóst að breytt álag verður hjá Fjármálaeftirlitinu vegna ástandsins á fjármálamörkuðunum.

Þá vill viðskiptanefnd benda á mikilvægi þess að tryggð verði sanngjörn fjárframlög til Samkeppniseftirlitsins, enda telur nefndin að aldrei hafi verið mikilvægara að standa vörð um samkeppni og leikreglur á þeim vettvangi en einmitt nú. á þeim erfiðu tímum sem uppi eru.

Að lokum vill viðskiptanefnd tiltaka mikilvægi þess að ákveðið aðhald verði sýnt í fjárlögum fyrir árið 2009 og leggur því til við fjárlaganefnd að hún yfirfari og skoði mögulegar leiðir til hagræðingar. Þó telur viðskiptanefnd að ávallt skuli gætt að grunnstofnunum og þá ekki síst stofnunum eins og Samkeppniseftirlitinu sem stendur vörð um virka samkeppni á markaði.

Þeir Höskuldur Þórhallsson, Birkir J. Jónsson og Jón Bjarnason ásamt Jóni Magnússyni áheyrnarfulltrúa voru fjarverandi við afgreiðslu þessa álits.

Alþingi, 5. desember 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form.,
Guðfinna S. Bjarnadóttir,
Birgir Ármannsson,
Árni Páll Árnason,
Jón Gunnarsson,
Björk Guðjónsdóttir.